

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 112 19. febrúar 1988, um tilgreiningu einingartölu vara í aðflutningsskýrslu.

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr upptalningu 1. gr. auglýsingarinnar:

2208.1001 — 2208.1009, 4410.1001 — 4411.9909, 4412.1101, 4412.1201, 4412.1901, 4412.2101, 4412.2901, 4412.9101, 4412.9901, 4413.0001 — 4413.0009 og 8715.0000.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 15. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 15. apríl 1988.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á söluumboðseyðublaði og söluyfirlitseyðublaði Félags fasteignasala.

Hér með staðfestir ráðuneytið samkvæmt 3. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 520/1987, sbr. 9. gr. og 10. gr. laga um fasteigna- og skipasölu nr. 34/1986, sbr. lög nr. 10/1987, eyðublað fyrir söluumboð og eyðublað fyrir söluyfirlit sem Félag fasteignasala hefur látið gera og birt eru sem fylgiskjöl með auglýsingu þessari.

Jafnframt er felld niður staðfesting á söluøyðublaði sama aðila samkvæmt auglýsingu nr. 568/1987.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. apríl 1987.

F.h.r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.